

Heiti:

1.gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess rannsóknarsetur um lífríki sjávar.

Heimilisfang:

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Norðurtanga í Snæfellsbæ.

Tilgangur:

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar eru vísindalegar hafrannsóknir með áherslu á Breiðafjörð.

Stofnendur:

4.gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru:

Nafn, Staður

Brim hf., Reykjavík

Fiskiðjan Bylgja hf., Snæfellsbær

Fiskmarkaður Íslands, Snæfellsbær

Grundarfjarðarbær, Grundarfjörður

Guðmundur Runólfsson hf., Grundarfjörður

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Snæfellsbær

HÍ - Stofnun Fræðisetra, Reykjavík

Hraðfrystihús Hellissands, Snæfellsbær

K.G. Fiskverkun, Snæfellsbær

Kristinn Friðþjófsson ehf., Snæfellsbær

L.Í.Ú., Reykjavík

Lands.smábátæignenda, Reykjavík

Nesver ehf., Snæfellsbær

Oddi hf., Patreksfjörður

Sjávariðjan ehf., Snæfellsbær

Smábátafélagið Snæfell, Stykkishólmur

Soffaníás Cecilsson hf., Grundarfjörður

Sparisjóður Ólafsvíkur, Snæfellsbær

Sverrisútgerðin ehf., Snæfellsbær

Útnes ehf., Snæfellsbær

Útvegsmannafélag Snæfellsness, Grundarfjörður

Valafell ehf., Snæfellsbær

Stofnfé og ábyrgð:

5.gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 16.350.000, sem er framlag stofnenda félagsins. Stofnaðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum rannsóknarsetursins umfram greiðslur stofnfjár.

Rannsóknarsetrið ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Tekjur:

6.gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera: Styrkir, gjafir, auglýsingatekjur eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast. Aðrar tekjur.

Stjórn:

7.gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum. Aðalfundur kýs stjórn og rétt til setu á aðalfundi eiga stofnaðilar og fer hver stofnaðili með eitt atkvæði.

Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosinn þrjú menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skal kosin til 1 árs í senn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn félagsins skal kosin á stofnfundi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. **Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina.** Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna.

10.gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja 3 aðila til að sitja í vísindalegum ráðgjafahóp. Val skal fara fram 3ja hvert ár.

Reikningsárið:

11. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

12. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktu þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

Breyting samþykktu, slit og sameining:

13. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki aðalfundar.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

15. gr.

Þar sem ákvæði samþykka þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr.19/1988, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt á stofnfundi rannsóknarsetursins í Snæfellsbæ, 12.maí 2006.